

enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverja 375 940.00 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Framangreint grunnjald kr. 375 940.00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 398 stig. Grunnjald breytist í sama hlufalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húss býlisins verði 17 268 000.00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugagjöld sumarhústaða, sumarhúða, veiðihúsa, hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, bar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætlunum kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 10. maí 1980, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980 og birtist til efirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 93 28. janúar 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júní 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

13. júní 1980.

Nr. 326.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980:

Vélskelflett rækja:

Færri en 350 stk. í lb.:

U. S. § pr. lb. Cif.

Blokkfryst	3.64
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3.64
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3.83
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.24
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.44

Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:

Blokkfryst	3.47
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3.47
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3.65
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.04
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.23
Verðbil verða 4%.	

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júní 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 327.

18. júní 1980.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980:

Óverkaður saltfiskur:

U. S. \$ pr. lest fob.

Stórfiskur nr. 1	2 900
Millifiskur nr. 1	2 700
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 300
Smáfiskur 60/100 nr. 1	2 200
Verðbil verður 3.5% og miðast við verðhækkun eingöngu.	

Greiðslur í sjóðinn verða 40% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 40% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. júní 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.